

kr. Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá lög-
birtingu hans, sæti ella aðför að lögum.

Mánudaginn 26. nóvembermánaðar.

Nr. 44/1894:

Rjettvísín

gegn

Bjarna Siggeirssyni.

D ó m u r :

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, gengnum 20. júlí þ. á., var hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson á Seyðisfirði samkvæmt 143. sbr. 145. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869 dæmdur til að greiða 30 kr. sekt í landssjóð eða sæta 9 daga einföldu fangelsi, ef sektin yrði eigi greidd í ákveðinn tíma. Svo skyldi hann og greiða allan af málinu gegn honum löglega leiðandi kostnað. Dómi þessum hefir bæði eptir ósk hins ákærða og af hálfu hins opinbera verið áfrýjað til yfirdómsins.

Á safnaðarfundi fyrir Dvergasteinssókn 26. júní 1892 var ákærði kosinn í sóknarnefnd þar og tilkynnti sóknarprestur honum kosninguna brjeflega skömmu síðar. Hinn 7. júlí næst á eptir tjáði sóknarpresturinn honum munnlega, að hann sama dag mundi halda fund með sóknarnefndinni, til að ræða um kirkjugarðinn, sem verið var að koma upp, en ákærði sagðist þá ekki mundu koma á þann fund og ekki gegna neinum sóknarnefndarstörfum. Prestur kvaðst ekki taka slíka munnlega neitun ákærða gilda, og yrði hann að skrifa sjer um undanfærslu sína. Þetta gjörði og ákærði 14. s. m., og lýsti því yfir í brjefi sínu, að hann mundi

ekki gegna sóknarnefndarstörfum, þótt hann hefði verið kosinn í sóknarnefndina, og taldi ýmislegar ástæður fyrir undanfærslunni. Sóknarpresturinn kærði þá hinn ákærða fyrir sýslumanni fyrir þessa undanfærslu hans og tilkynnti jafnframt amtmanni kærana. Amtmaður fyrirskipaði þá sakamálahöfðun gegn hinum ákærða eptir hinum tilvitnuðu greinum hegningarlagna, og urðu úrslit málsins eins og áður segir.

Þar sem greinir hegningarlagna, þær er hjer ræðir um, 143. og 145. gr., leggja refsingu við, ef embættismaður eða sýslunarmaður synjar eða af ásettu ráði lætur farast fyrir að gjöra það, sem honum er boðið á löglegan hátt, getur hin átalda athöfn hins ákærða, sem er í því fólgin að hann gegndi eigi kosningu safnaðar til að vera sóknarnefndarmaður, eigi talizt saknæm eptir þessum hegningarlagraeinum, nje heldur eptir analogiu þeir. a, samkvæmt 1. gr. sömu laga, og þar sem málahöfðunin gegn ákærða var í skipun amtsins einskorðuð við nýnefndar greinir hegningarlagna, verður að sýkna hann fyrir ákæru rjettvísinnar í máli þessu og leggja málskostnað allan á almannafje, þar með talin máflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Sókn og vörn í máli þessu fyrir yfirdómi hefir fram farið með hæfilegum hraða, en rekstur málsins í hjeraði hefir orðið töluvert seinfara. Þótt amtið skipaði sýslumanninum með brjefi 30. júlí 1892 að taka málið fyrir, þá gjörði hann það eigi fyr en eptir ítrekaða skipun þess hinn 9. marz 1893. Að fengnu því prófi, er þá var haldið í málinu, skipaði amtið sakamálahöfðun með brjefi 29. s. m. og ítrekaði þá skipun 5. júlí s. á.,

en sýslumaður gaf eigi út rjettarstefnu í málinu fyr en 13. marz 1894. Fjell málið síðan í rjett 28. s. m., var tekið upp til dóms 9. maí þ. á. og loks dæmt 20. júlí þ. á., en þá voru dómarskipti orðin, og hafði sýslumanni þeim, er haft hafði málið til meðferðar, verið vikið frá embætti um stundarsakir fyrir sjóðpurð og embættisvanrækslu með landshöfðingjabrjefi 30. júní þ. á. Dráttur sá, er þannig hefir orðið á máli þessu, hefir eigi verið nægilega rjettlættur af sýslumanni þeim, er honum olli, en þar sem honum, eins og tekið hefir verið fram, hefir verið vikið frá embætti fyrir vanrækslu í embætti sínu, þykir rjett að geyma hinu opinbera að eins rjett til að koma ábyrgð fram á hendur honum fyrir dráttinn með sjerstakri lögsókn, ef ástæða þykir til.

Þ v í d æ m i s t r j e t t a ð v e r a :

Hinn ákærði, Bjarni verzlunarmaður Siggeirsson, á að vera sýkn af ákæru rjettvísinnar í máli þessu. Málskostnaður, bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflyttingslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrjettarmálaflutningsmanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.